

SAMÞYKKT

um hundahald í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.

1. gr.

Hundahald er bannað í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.

2. gr.

Borgarstjórn er heimilt að veitalögráðaeinstaklingum, sem búa í Reykjavík, undanþágu frá 1. gr. og leyfi til hundahalds í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur með eftirfarandi skilyrðum:

- a. Leyfi er bundið við nafn og heimilisfang lögráða einstaklings og er óheimilt að framselja það.
- b. Ef sótt er um leyfi til að halda hund í sambylishúsi, skal skriflegt samþykki sameigenda/stjórnar húsfélags í húsinu fylgja umsókn.
- c. Leyfisgjald vegna undanþágu skal greiða til borgarsjóðs og setur borgarstjórn árlega gjaldskrá, sem heilbrigðisráðherra staðfestir. Við ákvörðun gjaldsins skal tekið mið af þeim kostnaði, sem leiðir af framkvæmd samþykktar þessarar. Gjaldið skal greitt í fyrsta sinn við skráningu hundsins og síðan fyrirfram árlega með gjalddaga 1. mars. Hafi gjaldið eigi verið greitt innan mánaðar frá gjalddaga fellur leyfið úr gildi.
- d. Skylt er leyfishafa að hafa hundinn ábyrgðartryggðan og getur borgarstjórn ákveðið að gera heildarsamning við tryggingarfélag, eitt eða fleiri.
Skal tryggingin ná til alls þess tjóns, sem dýrið kann að valda mönnum, dýrum, gróðri og munum.
Vottorð um ábyrgðartryggingu skal liggja fyrir við greiðslu leyfis og greiðslu árlegs leyfisgjalds.
- e. Hundar skulu færðir árlega til hreinsunar. Um hreinsun þeirra og gjald fyrir hana fer eftir reglugerð um varnir gegn sullaveiki nr. 201/1957.
Framvísa skal vottorði um hreinsun við greiðslu árlegs leyfisgjalds.
- f. Hundurinn skal ávallt bera ól með plötu um hálsinn. Á plötuna skal greypt skráningarnúmer hundsins og nafn og heimilisfang eiganda hans.
Einnig skal við ólina festa merki, sem sýna að viðkomandi hundur hafi verið hreinsaður.
- g. Leyfishafi skal gæta þess vel að hundur hans valdi ekki hættu, óþægingum eða óþrifandi né raski ró manna. Hundar skulu ávallt vera í taumi utan húss.
Leyfishafa er skylt að fjarlægja saur eftir hundinn á tryggilegan hátt.
- h. Eigi má hleypa hundum inn í almenningsfarartæki, leikvelli eða aðra þá staði sem um ræðir í IX.—XV. kafla og í XVIII. kafla heilbrigðisreglugerðar nr. 45/1972, en þeir eru:
1. Gistihús (gistiskálar, söluskálar og tjaldbúðir), matsölur og aðrir veitingastaðir.

2. Skólar, kennslustaðir og barnaheimili, þar með talin sumardvalarheimili og dagvistarheimili.
 3. Rakarastofur, hárgreiðslustofur og hvers konar aðrar snyrtistofur.
 4. Heilbrigðisstofnanir, hæli, íþróttastöðvar og baðstaðir.
 5. Fangelsi og aðrar vistarverur handtekinna manna.
 6. Samkomuhús.
 7. Kirkjugarðar, bálstofur, líkhús og líkgeymslur.
 8. Húsakynni, þar sem framleidd eru eða seld matvæli og aðrar neysluvörur.
- Óheimilt er að fara með hunda í almenningsgarða borgarinnar á tímabilinu milli kl. 08.00 til kl. 21.00. Sama gildir um Bankastræti, Laugaveg að Rauðarárstíg, Lækjartorg og göngugötu Austurstrætis.
- Ákvæði þessa starfliðar gilda ekki um hunda, sem notaðir eru til löggæslu eða björgunarstarfa, né leiðsöguhunda blindra eða sjónskertra.
- Ef brotin eru skilyrði þessarar greinar getur það varðað refsingu samkvæmt 7. gr.

3. gr.

Umsókn um leyfi til hundahalds skal senda Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkursvæðis, sem gefur út umbeðið leyfi að fengnu samþykki borgarstjórnar.

Upplýsingar um hundinn skal færa í þar til gerða bók hjá Heilbrigðiseftirlitinu. Þar skal skrá heiti, aldur, kyn, tegund, litarhátt og önnur einkenni hundsins. Þar skal einnig skrá nafn og heimilisfang leyfishafa. Senda skal embætti lögreglugstjóra í Reykjavík afrit af leyfisbréfi.

Leyfishafi fær afhenta merkta plötu, sbr. f. lið 2. gr., og eintak af samþykkt um hundahald í Reykjavík.

4. gr.

Ef leyfishafi brýtur gegn ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum reglum, sem um hundahald gilda, getur borgarstjórn afturkallað leyfið.

Einnig getur borgarstjórn afturkallað öll leyfi til hundahalds telji hún þess brýna þörf.

5. gr.

Heilbrigðiseftirlitið eða aðilar á þess vegum annast framkvæmd og eftirlit með hundahaldi í Reykjavík og getur það leitað aðstoðar lögregluþyrvalda, þegar þörf krefur.

Borgarstjórn setur reglur um nánari framkvæmd reglna þessara, svo sem um eftirlit, hreinsun, hundageymslu og hvaða starfsfólk annist þá þætti.

6. gr.

Hættulega hunda, óleyfilega eða hunda, sem ganga lausir utanhúss, skal handsama og færa í sérstaka hundageymslu.

Kostnaður við töku og geymslu hunda skal að fullu greiddur af eigendum.

Hættulegum hundum er heimilt að lóga þegar í stað.

Aðra hunda er heimilt að afhenda, ef leyfi er framvísað innan 10 daga frá því hundurinn kom í vörslu eftirlitsmanns, enda verði áfallinn kostnaður greiddur. Að öðrum kosti skal hundinum lógað.

7. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum eða varðhaldi.

Með brot út af samþykktinni skal farið að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 50/1981, VI. og VII. kafla.

8. gr.

Framangreind samþykkt borgarstjórnar Reykjavíkur staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 50/1981 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og 1. gr. laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um hundahald í Reykjavík nr. 61/1924 og 161. gr. heilbrigðissamþykktar fyrir Reykjavík frá 1950.

Ákvæði til bráðabirgða.

- I. Að liðnum 3 mánuðum frá gildistöku samþykktar þessarar skal fara með alla óskráða hunda skv. ákvæðum 6. gr.
- II. Leitað skal eftir afstöðu borgarbúa til hundahalds í Reykjavík með því að bera mál þetta undir atkvæði allra atkvæðisbærra borgarbúa, þegar nokkur reynsla er fengin af framkvæmd samþykktar þessarar, þó ekki síðar en 4 árum eftir gildistöku hennar. Þeir einstaklingar, sem þá hafa leyfi til að halda hund, skulu sæta þeim ákvörðunum, sem teknar kunna að verða í framhaldi af slíkri atkæðagreiðslu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 20. júlí 1984.

Matthías Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

SAMÞYKKT

um gjald vegna hundahalds í Reykjavík.

1. gr.

Gjald fyrir leyfi til að halda hund í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur sbr. samþykkt borgarstjórnar Reykjavíkur, staðfest af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra í dag, skal vera kr. 400,00 fyrir hvern mánuð eða brot út mánuði. Gjaldið greiðist fyrirfram fyrir allt tímabilið frá því að leyfið er veitt og til 1. mars 1985.

2. gr.

Ofangreind samþykkt borgarstjórnar Reykjavíkur staðfestist hér með samkv. 22. gr. laga nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 20. júlí 1984.

Matthías Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.